

## **Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Bikarkeppni kvenna–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

32.2.4:

Greinin hljóðar svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 8 liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

Greinin hljóði svo:

*“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið sem ekki keppa í úrvaldsdeild kenna og keppni hagað þannig að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í Pepsi-deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”*

**Greinargerð:**

Samkvæmt framkvæmd núgildandi ákvæðis hafa lið í Pepsi-deild kvenna komið á ólíkum tímum inn í bikarkeppnina, þ.e. efstu fjögur lið Pepsi-deildar árið á undan hafa komið til leiks í 8 liða úrslitum en öll önnur lið tekið þátt frá upphafi. Í þéttspilaðri Pepsi-deild hefur þetta mismikla leikjaálag haft í för með sér verulega mismunun gagnvart öðrum félögum en þeim efstu fjórum sem getur komið niður á bæði árangri í deildar- og bikarkeppni. Núverandi fyrirkomulag er þannig til þess fallið að festa í sessi fjögurra liða “elítu” sem erfitt er að brjóta upp. Í bikarkeppni mfl. karla koma öll lið í efstu deild inn í keppnina á sama tíma og er lagt til að hér verði sami háttur hafður á.

---

Gr. 32.2.8:

Greinin hljóðar svo:

“Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september.”

Greinin hljóði svo:

*“Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Undanúrslitaleikir skulu leiknir á hlutlausum velli skv. nánari ákvörðun mótanefndar.”*

#### **Greinargerð:**

Lagt er til að undanúrslitaleikir í bikarkeppni mfl. kvenna séu leiknir á hlutlausum velli líkt og leikir í bikarkeppni mfl. karla, enda eiga sömu grunnrök við hjá báðum kynjum hvað þetta varðar. Ekki er þó gert ráð fyrir því að leikið sé á Laugardalsvellingum að svo stöddu, enda gerir áhorfendafjöldi á leiki í mfl. kvenna það alla jafna ekki nauðsynlegt.

---

#### Gr. 32.2.9:

Greinin hljóðar svo:

*“Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.”*

Greinin hljóði svo:

*“Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Í undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á að koma fyrir auglýsingum svo sem aðstæður leyfa og skulu þeir skipta auglýsingasvæði með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sölu eigin svæðis nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.”*

#### **Greinargerð:**

Tillögð breyting er til samræmis við breytingartillöguna við gr. 32.2.8.

**Stjarnan**